

**Stofnanasamningur milli Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og SFR stéttarfélags í almannapjónustu, samkvæmt 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 9. mars 2005 með síðari breytingum.**

**1. Gildissvið**

Samkomulag þetta nær til félagsfólks í SFR sem starfar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

**2. Markmið**

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningi þessum:

- \* að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- \* að greidd verði sambærileg laun fyrir sambærileg störf,
- \* að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- \* að launakerfið gefi kost á að frammistaða og hæfni einstaklinga í starfi sé metin og feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til framgangs í starfi.

**3. Skilgreining starfa og grunnröðun í launaflokka**

Launakerfið byggir á eftirfarandi starfaflokkum:

**Skrifstofumaður**

Helstu verkefni starfsmanns er að annast skráningu í málaskrá nefndarinnar, umsjón með heimasíðu, innsetningu úrskurða á hana, gerð lagaskrár, skjalavörslu, ritun og útsendingu á bréfum og tilkynningum um kærumál, móttöku gesta og símsvörun. Starfsmaður sér einnig um lyklamerkingu bókhaldsskjala. Grunnröðun: launaflokkur 024.

**4. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka**

**4.1 Starfsreynsla**

Starfsreynsla skal meta með eftirfarandi hætti

- Eftir 1 ár í starfi skal hækka um 1 launaflokk
- Eftir 3 ár í starfi skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar
- Eftir 5 ár í starfi skal hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Heimilt er að meta starfsreynslu utan stofnunarinnar sem nýtist í starfi, að hluta eða öllu leyti, til jafns við starfsreynslu innan stofnunarinnar.

**4.2 Menntun**

Starfsfólk sem sækir fræðslunámskeið og/eða starfs- og símenntunarnámskeið sem nýtast í starfi skulu hækka um allt að 3 launaflokka sem hér segir.

- |                    |                |
|--------------------|----------------|
| 60 kennslustundir  | 1 launaflokkur |
| 120 kennslustundir | 2 launaflokkar |
| 200 kennslustundir | 3 launaflokkar |

Starfsfólk, sem hefur BA próf eða aðra sambærilega háskólamenntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins fær allt að þriggja launaflokka hækkun, einn launaflokk að loknum hverjum 60ectum einingum í námi.

#### 4.3 Aðrir þættir

Heimilt er að hækka starfsfólk um launaflokka með hliðsjón af neðangreindum þáttum::

- \* starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- \* starfið felur í sér flókin verkefni
- \* starfinu fylgir kennsla og/eða leiðbeining annarra starfsmanna
- \* verkstjórn sé tímabundinn eða fastur hluti af starfinu
- \* starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- \* starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- \* starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- \* starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

#### 4.4 Sérstök verkefni

Heimilt er að greiða tímabundna umbun vegna sérstakra verkefna sbr. grein 1.3 í kjarasamningi.

#### 5. Starfsmannasamtöl og launaviðtöl

Starfsmannasamtöl eru haldin árlega þar sem farið er yfir starf og starfssvið viðkomandi starfsmanns. Starfsfólk getur farið fram á launaviðtal árlega.


#### 6 Endurskoðun og gildistími

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2012.

Reykjavík, 2. ágúst 2012.

F.h. Úrskurðarnefndar umhverfis-  
og auðlindamála.

  
Hjalti Steinþórsson

F.h. SFR.

  
Guðrún H. Sveinsdóttir